

**Nr. 17-127 S 096 Glódís AK 99*****Vélavana og dregin til hafnar***

Skipaskr.nr. 6848  
Útgerð: Útgerðarfélagið Arnarholt ehf.  
Smíðaður: Trefjar, 1987, trefjaplast.  
Stærð: 5,77 brl. 5,06 bt.  
Mesta lengd: 7,99 m Skráð lengd: 7,90 m  
Breidd: 2,62 m Dýpt: 1,47 m  
Vél: Sabb, 48 kw, 1987.  
Fjöldi skipverja: 2



Glódís © Arnbjörn Eiríksson

**Gögn:**  
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 9. október 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti og Hirti Emilssyni.

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 14. ágúst 2017 var Glódís AK 99 á strandveiðum á Faxaflóa. Veður: NNV 4 m/s.

Á veiðunum varð báturinn vélarvana og óskað var eftir aðstoð. Ingi Rúnar AK 35 dró bátinn til hafnar á Akranesi.

***Við rannsókn kom fram:***

- að sveigjutengi milli vélar og driföxuls fór í sundur;
- að í ljós kom að einn af fjórum mótörpúðum undir vélinni var slitinn sem orsakaði aukið álag á sveigjutengið.

***Nefndarálit:***

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.